

Alþingi
Erindi nr. P 139/1859
komudagur 30.3.2011

Til Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. mars 2011

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn

Almenn umsögn

Ég fagna því að sett verði sérstök lög um heilbrigðisstarfsmenn og ég tel það jákvætt að í frumvarpinu er kveðið á um réttindi og skyldur heilbrigðisstarfsmanna.

Athugasemd við 3. gr. um tilgreiningu löggiltra heilbrigðisstétta

Fjölbrautaskólinn við Ármúla annast menntun sex heilbrigðisstétta. Fjórar þeirra, þ.e. sjúkraliðar, lyfjatæknar, lækningaritarar og tanntæknar eru taldar upp í 3. gr. frumvarpsins. Tvær starfstéttir skólans hafa ekki fengið löggildingu sem heilbrigðisstéttir, þ.e. heilbrigðisritarar og heilsunuddarar.

Heilbrigðisritarar taka á móti sjúklingum sem leita til heilsugæslunnar eða sjúkrastofnana og skrá upplýsingar um þá. Ég tel því eðlilegt að þeir fái löggildingu sem heilbrigðisstétt. Heilbrigðisritaranámið er 80 eininga nám á framhaldsskólastigi.

Heilsunuddarar meðhöndla sjúklinga, sem m.a. læknar vísa til þeirra. Nám þeirra er 121 eining á framhaldsskólastigi sem er hliðstætt við sjúkraliðanám.

Virðingarfyllst,

Gísli Ragnarsson
Gísli Ragnarsson
skólameistari



p.s. Ég vísa í fyrri umsagnir til Heilbrigðisráðuneytis og Alþingis